

Alþingi
Erindi nr. P 128/197
komudagur 20.11.2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
nefndaritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2002
2002100020/016-1
JGO/hj

Tillaga til þingsályktunar um vernd rjúpna (11. mál)

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar dags. 21. október s.l. þar sem óskað er eftir álitni á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál.


Náttúrufræðistofnun staðfestir að það er rökstutt álit stofnunarinnar að ástand rjúpnastofnsins sé bágborið um þessar mundir. Stofnunin er sammála því að grípa þurfi til aðgerða til verndar rjúpnastofninum sbr. fylgiskjali 1 með þessari tillögu til þingsályktunar.

Náttúrufræðistofnun telur að auka þurfi vöktun rjúpnastofnsins, rannsóknir á honum og eftirlit með árangri af fyrirhuguðum friðunaraðgerðum, sbr. bréf stofnunarinnar til umhverfisráðuneytisins dags. 1. nóvember s.l. Stofnunin telur að öll verslun með rjúpur eigi að vera óheimil og styður fyrirhugaðar aðgerðir umhverfisráðherra þar að lútandi.

Loks vill stofnunin vekja athygli umhverfisnefndar á því að umhverfisráðherra hefur nýlega sett reglugerð um veiðitíma rjúpna þar sem hann er stytur frá og með hausti 2003.

Óski umhverfisnefnd eftir frekari upplýsingum um ástand rjúpnastofnsins, rannsóknir á honum og vöktun hans eða um fyrirhugaðar verndaraðgerðir mun Náttúrufræðistofnun fúslega veita þær.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

